

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**819. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 3. febrúar 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Lagning hitaveitu í dreifbýli.
3. Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra 2013.
4. Erindi Veidifélags Miðfirðinga.
5. Erindi Ungmennaráðs Húnaþings vestra.
6. Erindi Flaums ehf.

### Afgreiðslur:

Áður en gengið var til dagskrár bar oddviti upp tillögu um að réttkjörnir fulltrúar í byggðarráði kysu Elínu R. Líndal fundarstjóra á 819. fundi byggðarráðs í forföllum formanns og varaformanns byggðarráðs. Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum.

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um undirbúning vegna vatnsrennibrautar við Sundlaug Húnaþings vestra, fund með nýjum eigendum Urðunar ehf., vinnu við gerð aðalskipulags Húnaþings vestra 2014 – 2026 o.fl.
2. Farið yfir atriði er snerta möguleika á lagningu hitaveitu í dreifbýli í Húnaþingi vestra.
3. Fram lögð til kynningar ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra fyrir árið 2013.
4. Fram lagt erindi Veidifélags Miðfirðinga. Í erindinu óskar félagið eftir því að kannaðir verði möguleikar þess að leggja hitaveitu að Laxahvammi, veiðihúsi félagsins. Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs.
5. Fram lagt erindi Ungmennaráðs Húnaþings vestra. Í erindinu er óskað heimildar til að niðurgreiða þátttökugjald ungmenna á námskeiði um tjáningu og framkomu og til auglýsingar á námskeiðinu, allt að kr. 30.000- af fjárheimild ungmennaráðs. Byggðarráð samþykkir erindið.
6. Fram lagt erindi Andra Teitssonar f.h. Flaums ehf. og Júlíusar Guðna Antonssonar, ábúanda Auðunarstaða þar sem þess er óskað að við gerð Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026 verði gert ráð fyrir fyrirhugaðri grjótnámu í Húsaborg í landi Auðunarstaða í Víðidal og veltengingu að námunni frá Þjóðvegi 1 við Víðigerði. Samþykkt að vísa erindinu ásamt meðfylgjandi gögnum til umsagnar skipulags- og umhverfissviðs í tengslum við gerð aðalskipulags Húnaþings vestra 2014 – 2026. Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Fram lagt aðalfundarboð Landssambands landeigenda á Íslandi. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 20. febrúar nk. kl. 13:15. Samþykkt að Stefán Einar Böðvarsson verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:50

---

Leó Örn Þorleifsson. .

---

Elín R. Líndal.

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.